

Nd.

104. Nefndarálit

um frumvarp til laga um biskupskosningu.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er nýmæli í kirkjulöggjöf vorri og þarfnast rækilegs undirbúnings og athugunar. Nefndin telur rjett að afgreiða það ekki á þessu þingi, enda var það aldrei tilætlun flutningsmanns, en hins vegar þykir henni við eiga, að málið sje undirbúið til meðferðar næsta þings, og því lagt undir álit og atkvæði safnaðarfunda, hjeraðsfunda og Synodusar á þessu ári, og með þeim formála ber hún fram þá tillögu, að frumvarpinu sje vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 25. febr. 1920.

Sveinn Björnsson,
formaður.

Björn Hallsson,
skrifari.

Sigurður Stefánsson,
framsögumaður.

Pjetur Ottesen,
með fyrirvara.

Þorsteinn Jónsson.